



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2DN05 vorönn 2024.

**Kennari:** Jóhanna Eggertsdóttir

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar fyrri hluti og Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar seinni hluti.

**Bekkir:** 4.B.

## Lýsing:

Bókstafareikningur. Inngangur að mengjum og rökfræði. Jöfnu- og ójöfnureikningur og hnitakerfi. Föll, margliður og eiginleikar þeirra. Annars stigs margliður, fleygbogar, veldi vísiföll, lograr og tölugildi.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

- Vika 1-2: Samdráttur, liðun og þáttun, deiling og brot (kaflar 1.1-1.4 í Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar fyrri hluti).
- Vika 3-4: Jöfnur og mengi (kaflar 1.5 og 3.1 í Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar fyrri hluti).
- Vika 5-7: Talnalínan, hnitakerfi, ýmsar formúlur, (kaflar 3.2 og 4.1-4.4 1 í stærðfræði handa 4. bekk málabrautar fyrri hluti).
- Vika 8-9: Jafna línu og jöfnuhneppi og skurðpunktar lína (kaflar 4.3-4.4 í Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar fyrri hluta).
- Vika 10-12: Annars stigs jöfnur og margliður ásamt föllum (kafla 1 í Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar seinni hluta).
- Vika 13-15: Veldi, vísiföll og lograr, prósentureikningur ásamt tölugildum (kaflar 2-3 í Stærðfræði handa 4. bekk málabrautar seinni hluta).

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (4-5), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum. Fræðilegt efni er um 20%.

- **Námseinkunn:**
  - Lesin og ólesin stærðfræði
    - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum 2/3.
    - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, vinnubrögðum við heimanám, munnlegri og skriflegri framsetningu stærðfræðinnar, fræðilegri yfirsýn og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Vorpróf:** Skriflegt próf í 90 mínútur og er fimmtungur þess fræðilegur.